

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Heiðarbyggðar, frístundabyggðar í landi Geldingsár, Svalbarðsstrandarhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps þann 9. ágúst 2005 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Heiðarbyggðar, frístundabyggðar í landi Geldingsár.

Breyting deiliskipulagsins felst í stækkun á núverandi frístundabyggð í landi Geldingsár til suðurs að landamerkjum Meyjarhóls. Gert er ráð fyrir 16 frístundahúsalóðum til viðbótar þeim 24 lóðum sem fyrir eru eða í allt 40 lóðum. Heildarstærð skipulagssvæðisins er um 28 ha, en viðbótin um 6,8 ha.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. Svalbarðsstrandarhrepps, 28. október 2005.*

**Árni K. Bjarnason** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. nóvember 2005